

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 57/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 196/2006 frá 3. febrúar 2006 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 með hliðsjón af Evrópustaðli EN ISO 14001:2004 og um niðurfellingu á ákvörðun 97/265/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1ea (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001):
„– **32006 R 0196**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 196/2006 frá 3. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 4).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 1eab (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/193/EB):
„1eac. **32006 R 0196**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 196/2006 frá 3. febrúar 2006 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 með hliðsjón af Evrópustaðli EN ISO 14001:2004 og um niðurfellingu á ákvörðun 97/265/EB (Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 196/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 65, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 4.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.